

Þorskeldi ehf.
Hömrúm 12
765 Djúpivogur

Akureyri, 12. júní 2020
UST202003-300/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Lokunareftirlit 2020 - Þorskeldi - Berufjörður

Þann 14. maí sl. fór fram lokunareftirlit í fiskeldisstöð Þorskeldis, Berufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi og engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

Virðingarfyllt

G. Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

Dags eftirlits	14.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Þorskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hömrur 12	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	451103-3420	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Grétarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfsleyfi rekstraraðila gildir til 12. september 2024 en hefur rekstraraðili óskað eftir niðurfellingu starfsleyfis með umsókn þess efnis frá 8. maí sl. og er þetta því lokaeftirlit starfsleyfisins.

Engar eldiskvíar hafa verið í rekstri hjá fyrirtækinu á svæðinu frá síðasta eftirliti, þann 09. júní 2017. Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í starfsleyfinu er heimild til eldis á 99 tonnum af þorski í áframeldi og 100 tonnum af regnbogasilungi, samtals allt að 199 tonnum árlega. Rekstraraðili hefur leyfi til útsetningu kvía á einni staðsetningu í Berufirði og koma hnit hennar fram í starfsleyfi, 64°45' N - 14°23'30".

Litið var yfir kvíastæði fiskeldisins þann 14. maí sl. í góðu veðri og skyggni var gott. Engar kvíar sáust á svæðinu og enginn rekstur merkjanlegur. Fulltrúi fyrirtækisins staðfesti í símtali þann 4. maí sl. að ekkert fiskeldi sé í gangi á staðnum, á vegum fyrirtækisins og hefur ekki verið frá síðasta eftirliti árið 2017.

Staðfest er að engin starfsemi er hjá rekstraraðila á þessu starfsleyfi og engin frávik eða ábendingar komu fram við lokaskoðun.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.


ANNAÐ

Starfsleyfið er innan marka stærðarákvæðis fyrir skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi og er því ekki krafa um skil á þeim upplýsingum til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.06.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir